

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykhólahrepps, nr. 130 29. janúar 1980, með síðari breytingum.

4. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald fyrir hvern hemil kr. 26,25 á mánuði.
- b. Vatnsgjald kr. 43,65 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

6. gr. orðist svo:

Heimæðagjöld Hitaveitu Reykhólahrepps skulu vera kr. 4 365,00 fyrir hvert einbýlishús.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. maí 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 609/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Suðureyrarhrepps, nr. 226 26. maí 1977, með síðari breytingum.

4. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald kr. 43,27 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald kr. 347,08 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 110,00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. nóv. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 609/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.